

Fundur í skólaráði 24. nóvember kl. 11:30 – á TEAMS

Mættir: Dagný Finnbjörnsdóttir, Guðmundur Kristjánsson, Berglind Sara Friðbjörnsdóttir, Fríða Rúnarsdóttir, Olga Veturliðadóttir. Aðrir komust ekki.

Að þessu sinni var október fundurinn, sem féll niður vegna Covid, og nóvember fundurinn settur saman í einn fjarfund á teams.

1. Farið yfir hlutverk skólaráðs samkv. grunnskólalögum.
2. Rýmingaræfing hefur frestast vegna Covid þar sem ekki má blanda nemendum úr mismunandi hópum saman. Hún verður vonandi haldin fljótlega eftir áramótin.
3. Menntastefna Ísafjarðarbæjar frá því 2019 kynnt.
4. Lestrarstefna Ísafjarðarbæjar kynnt
5. Farið yfir starfsáætlun skólans með áherslu á starfsmarkmið skólans sem sett eru á hverju hausti.
6. Skipulag desembermánaðar og vorskípulagið er óljóst því ekki er enn vitað hvernig afléttingu á samkomutakmörkunum verður.
7. Gæðargreinin er innramatskerfi skólans. Farið var yfir umbótaáætlun sem gerð var sl. vor og matsáætlun til næstu fimm ára.
8. Fjárhagsáætlun – gert er ráð fyrir 2% flötum niðurskurði á allar stofnanir Ísafjarðarbæjar. Það er ekki alveg komið á hreint enn hvernig þessum niðurskurði verði mætt í skólanum.

Önnur mál:

Stjórnendur boðuðu til tveggja funda með foreldrum í okt/nóv til að koma starfi foreldrarfélagsins af stað aftur eftir, því starfið hefur legið niðri um nokkurt skeið. Á seinni fundinum tóku nokkrir foreldrar það að sér að boða aðalfund félagsins og var hann 19. nóvember sl. Á þeim fundi var kosin ný stjórn og vonandi fer starfið í félaginu af stað – þegar Covid leyfir.

Ritari: Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, skólastjóri.